

## Svartþrestir sjást víða

### Niðurstöður Garðfuglahelgi Fuglaverndar janúar 2023

Þátttaka þessa athugunarhelgi var bærileg, fylgst var með fuglum á 52 athugunarstöðum sem flestir voru á höfuðborgarsvæðinu eða Suðurlandi, best var þátttakan í Garðfuglahelgi árið 2010 þá var fylgst með fuglum í 263 görðum. Þátttakendur voru 65 að þessu sinni. Þeir sáu 17 tegundir fugla, sem er aðeins lægra en meðaltalið (17,7) og alls voru 3133 einstaklingar taldir (1. tafla). Á einum stað sást enginn fugl, en annars sáust á bilinu 1-320 fuglar, en 59 fuglar voru að meðaltali í athugunargörðunum. Svartþröstur er nú orðinn helsti garðfuglinn, þeir sáust á flestum stöðum (71,7%), stari var næstur í röðinni og var hann á 66% athugunarstaða. Mun fleiri starar sáust en svartþrestir, en eins og mönnum er kunnugt þá er starinn meiri hópfugl en svartþrestir og koma þeir oftast en ekki nokkrir saman þegar þeir mæta á fóðurstað. Álíka margir skógarþrestir sáust og svartþrestir en þeir voru á færri athugunarstöðum, rétt rúmlega helmingi þeirra. Auðnutittlingar voru skráðir hjá tæplega helmingi athugenda, en þeir voru nokkuð margir, einungis snjótittlingar og starar voru fleiri. Hrafnar sáust nokkuð víða en aðrir fuglar voru sjaldséðari, nema bjarg/húsdúfur. Átta tegundir sáust einungis hjá einum athugenda (1. tafla). Þar af voru fjórar tegundir sem eru flækingsfuglar; fjallafinka, glóbrystingur, hettusöngvari, og silkitoppa.

1. tafla. Tíðni fugla á athugunarstöðum og fjöldi þeirra í garðfuglahelgi Fuglaverndar 27.1 – 30.1 2023. Fjöldi athugunarstaða var 53, fuglar sáust á 52 athugunarstöðum, alls sáust 17 tegundir og 3133 fuglar.

Tegund	Athugunarstaðir	%	Fjöldi fugla	%	Meðaltal
Svartþröstur	38	71,7	146	4,7	3,8
Stari	35	66,0	794	25,3	22,7
Skógarþröstur	27	50,9	142	4,5	5,3
Auðnutittlingur	25	47,2	554	17,7	57,0
Snjótittlingur	24	45,3	1361	43,4	56,7
Hrafn	22	41,5	68	2,2	3,1
Gráþröstur	6	11,3	9	0,3	1,5
Húsdúfa/bjargdúfa	4	7,5	32	1,0	8,0
Smyrill	4	7,5	4	0,13	1,0
Álft	1	1,9	3	0,10	-
Fjallafinka	1	1,9	2	0,06	-
Glóbrystingur	1	1,9	1	0,03	-
Glókollur	1	1,9	1	0,03	-
Hettumáfur	1	1,9	2	0,06	-
Hettusöngvari	1	1,9	1	0,03	-
Silkitoppa	1	1,9	9	0,3	-
Stormmáfur	1	1,9	3	0,10	-
Enginn	1	1,9	0	-	-